



249. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 8. desember 2016 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSí, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Garðar Svansson, Örn Andrésson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Jón Finnbogason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðuðu: Hafsteinn Pálsson og Gunnlaugur Júlíusson.

Petta gerðist:

Forseti sett fundi og stjórnaði honum.

1. Ólympísk málefni

Örn Andrésson fór yfir stöðu þeirra ólympísku verkefna sem framundan eru.

EYOWF 2017 í Erzurum

Rætt um öryggismál og ferðamáta. Ekki verður hægt að fljúga beint til Erzurum.

Smáþjóðaleikar 2017 í San Marínó

Sérsambönd hafa verið upplýst um kostnaðarskiptinguna sem samþykkt var á 248. fundi framkvæmdastjórnar ÍSí. Eins og staðan er þá er þátttakendafjöldi frá Íslandi ríflega 200.

EYOF 2015 í Györ

Íslandi stendur nú til boða að senda lið pilta í handknattleik til hátíðarinnar.

Samþykkt að þiggja boðið.

ÓL Tókíó 2020

Rætt um nýju íþróttagreinarnar sem keppt verður í á leikunum og stöðu viðkomandi íþróttar hér á landi.

2. Fagsvið ÍSí – stutt yfirlit

Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí

Sigríður Jónsdóttir formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni hjá sviðinu. Um 180 manns tók þátt í ráðstefnunni Sýnum karakter sem haldin var á Akureyri fyrir skömmu. Verið er að undirbúa kynningu á niðurstöðum úr könnun Rannsóknar og greiningar – Ánægjuvoginni. Íþróttahéruð munu fá sendar niðurstöður sem greindar hafa verið niður á viðkomandi hérað.

Verið er að móta verkefnalista sviðsins fyrir árið 2017.

Almenningsíþróttasvið ÍSí

Verið er að senda út jólagjafir til tengiliða ÍSí vegna Kvannahlaups ÍSí. Umsókn um Íþróttaviku Evrópu 2017 verður send til European Commission á allra næstu dögum.

3. Íþróttamaður ársins 2016

Hófið verður haldið í Hörpu 29. desember nk. Sá hluti hófsins sem heyrir undir ÍSí verður sýndur beint á RÚV2, hliðarrás RÚV. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með þessa

breytingu en ekki hefur áður verið sent út beint frá afhendingum viðurkenninga til íþróttafólks sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ.

4. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að Sigríður Inga Viggósdóttir sé hætt störfum hjá ÍSÍ og að Hrönn Guðmundsdóttir verkefnastjóri á Almenningsíþróttasviði ÍSÍ hafi verið ráðin sviðsstjóri í hennar stað. Auglýst var eftir verkefnastjóra til að vinna með Hrönn á sviðinu og bárust 106 umsóknir um starfið. Unnið er að því að fara yfir allar umsóknirnar.

5. Úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ 2017

Guðmundur Ágúst Ingvarsson formaður sjóðsstjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ lagði fram tillögu sjóðsstjórnar að fyrstu úthlutun ársins 2017. Styrkveitingar ÍSÍ til sambandsaðila nema samtals rúmlega 150 milljónum króna að þessu sinni, en um 100 m.kr. verður úthlutað síðar á árinu 2017 og þá eftir nýjum reglum Afrekssjóðs sem verið er að vinna að.

Alls bárust umsóknir frá 26 sérsamböndum ÍSÍ. Hljóta öll þessi sambönd styrk vegna sinna landsliðsverkefna, þótt um misháar upphæðir sé að ræða. Sótt var um styrki til sjóðsins vegna verkefna 64 einstaklinga og er aðeins hluti þeirra verkefna styrktur, eða verkefni 12 íþróttamanna. Guðmundur minnti á að það eru sérsambönd sem hljóta styrki vegna verkefna tilgreindra íþróttamanna, en ekki íþróttamennirnir sjálfir. Þannig eru styrkir sjóðsins til sérsambanda vegna verkefna íþróttamanna fyrst og fremst hugsaðir vegna kostnaðar við þátttöku í mótum og keppnum og undirbúnings vegna þeirra.

Eftirfarandi tillögur sjóðsstjórnar samþykktar einróma:

Blaksamband Íslands (BLÍ)

Vegna landsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 4.400.000,-

Badmintonsamband Íslands (BSÍ)

Vegna landsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 2.200.000,-

Borðtennissamband Íslands (BTÍ)

Vegna landsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 600.000,-

Dansíþróttasamband Íslands (DSÍ)

Vegna landsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 2.100.000,-

Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ)

Vegna landsliðsverkefna, verkefna Anítu Hinriksdóttur og Ásdísar Hjálmsdóttur og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 12.000.000,-

Fimleikasamband Íslands (FSÍ)

Vegna landsliðsverkefna í áhaldafimleikum og hóp fimleikum, verkefna Irina Sazonova og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 7.950.000,-

Golfsamband Íslands (GSÍ)

Vegna landsliðsverkefna, verkefna Ólafíu Þórunnar Kristinsdóttur og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 8.850.000,-

Hjólreiðasamband Íslands (HRÍ)

Vegna landsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 1.100.000,-

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ)

Vegna landsliðsverkefna A landsliða karla og kvenna, yngri landsliða og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 28.500.000,-

Íþróttasamband fatlaðra (ÍF)

Vegna landsliðsverkefna sambandsins, undirbúnings fyrir Paralympic Games 2018, verkefna Helga Sveinssonar og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 7.750.000,-

Íshökkísamband Íslands (ÍHÍ)

Vegna landsliðsverkefna A landsliðs karla og kvenna, yngri landsliða og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 3.200.000,-

Skautasamband Íslands (ÍSS)

Vegna landsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 600.000,-

Júdósamband Íslands (JSÍ)

Vegna landsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 1.600.000,-

Karatesamband Íslands (KAÍ)

Vegna landsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 1.600.000,-

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ)

Vegna landsliðsverkefna A landsliðs karla og kvenna, yngri landsliða og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 18.500.000,-

Keilusamband Íslands (KLÍ)

Vegna landsliðsverkefna, unglíngalandsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 1.100.000,-

Kraftlyftingasamband Íslands (KRA)

Vegna landsliðsverkefna, verkefna Fanneyjar Hauksdóttur, Júlíans Jóhanns Karls Jóhannssonar, Viktors Samúelssonar og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 6.600.000,-

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ)

Vegna landsliðsverkefna A landsliðs kvenna, yngri landsliða kvenna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 8.400.000,-

Landssamband hestamannafélaga (LH)

Vegna landsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 2.200.000,-

Lyftingasamband Íslands (LSÍ)

Vegna landsliðsverkefna kvenna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 1.100.000,-

Skíðasamband Íslands (SKÍ)

Vegna landsliðsverkefna í alpagreinum, skíðagöngu og á snjóbrettum, undirbúnings fyrir Vetrarólympíuleikar 2018 og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 9.800.000,-

Skylmingasamband Íslands (SKY)

Vegna landsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 1.700.000,-

Sundsamband Íslands (SSÍ)

Vegna landsliðsverkefna, verkefna Hrafnhildar Lúthersdóttur, Eyglóar Óskar Gústafsdóttur, Antons Sveins Mckee og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 13.550.000,-

Skotíþróttasamband Íslands (STÍ)

Vegna landsliðsverkefna, verkefna Ásgeirs Sigurgeirssonar og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 3.850.000,-

Tennissamband Íslands (TSÍ)

Vegna landsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 600.000,-

Þríbrautarsamband Íslands (ÞRÍ)

Vegna landsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa

kr. 600.000,-

Auk ofangreindra styrkja er samþykkt heimild til að nýta 2.000.000 kr. til fræðslu- og fagteymisþjónustu ÍSÍ í tengslum við afreksíþróttastarf sérsambanda og þátttöku í leikum, 1.000.000 kr. vegna Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSÍ og 3.000.000 kr. vegna umsýslu.

Heildarúthlutun til sérsambanda ÍSÍ er því kr. 150.450.000,- til sérsambanda ÍSÍ auk þess sem að 6.000.000 kr. eru skilgreindar vegna umsýslu og þjónustupátta eða alls kr. 156.450.000,-.

Gjaldkeri þakkaði sjóðsstjórn Afrekssjóðs ÍSÍ góða og faglega vinnu við undirbúning og gerð úthlutunarinnar og tóku forseti og aðrir fundarmenn undir þær þakkir.

6. Úthlutun úr Styrktarsjóði Íslandsbanka og ÍSÍ

Lögð fram tillaga að úthlutun ársins 2016 úr sjóðnum en í stjórn sjóðsins sitja Helga H. Magnúsdóttir formaður, Elsa Nielsen og Kristín Rós Hákonardóttir. Alls bárust 81 umsókn til sjóðsins að þessu sinni.

Tillaga sjóðsstjórnar var samþykkt samhljóða. Eftirfarandi hljóta styrki úr sjóðnum að þessu sinni:

<i>Saga Traustadóttir, kylfingur</i>	250.000 kr.
<i>Ingvar Andri Magnússon, kylfingur</i>	250.000 kr.
<i>Kristófer Darri Finnsson, badmintonmaður</i>	250.000 kr.
<i>Andri Nikolaysson Mateev, skylmingamaður</i>	250.000 kr.
<i>Kristinn Þór Sigurðsson og Lilja Rún Gísladóttir, dansarar</i>	500.000 kr.
<i>Frjálsíþróttasamband Íslands vegna stórmóta og úrvalshóps FRÍ</i>	1.000.000 kr.

Samtals úthlutað 2.500.000 kr. úr sjóðnum.

7. Stofnþing Bogfimisambands Íslands

Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi með stjórn Bogfiminefndar ÍSÍ og stöðu mála varðandi stofnun sérsambands um bogfimi. Heimild Íþróttapings ÍSÍ er til staðar til að stofna sérsambandið en enn á eftir að klára ýmsa skýrslugerð og mál er varða skipulag íþróttarinnar áður en hægt verður að boða til þings.

8. Heiðranir

Samþykkt að heiðra Gyðu Kristmannsdóttur með Silfurmerki ÍSÍ fyrir brautryðjandastarf í uppbyggingu og þróun hópfimleika á Íslandi. Merkið verður afhent á uppskeruhátíð Fimleikasambands Íslands 5. janúar nk.

Samþykkt að heiðra Illuga Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra og Ómar Einarsson framkvæmdastjóra ÍTR með Gullmerki ÍSÍ fyrir þeirra góðu störf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Merkin verða afhent í móttöku sem ÍSÍ heldur í kvöld í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

9. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 248. fundur framkvæmdastjórnar
- 22. og 23. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Fundir Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ

- Fundir Afrekssjóðs ÍSí
- Laganefndar frá 6. desember 2016 – **Tillögur nefndarinnar samþykktar.**
- Verkefnasjóðs frá 8. desember 2016. – **Tillögur stjóðsstjórnar að styrkveitingum samþykktar samhljóða.**

10. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Stefnt er að því að halda næsta fund fimmtudaginn 19. janúar 2017.

12. Önnur mál

Fjármál ÍSí

Gjaldkeri kynnti stöðuna á rekstri ÍSí eftir 10 mánaða uppgjör.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.